

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að tryggja staðgreiðslu afla, sem landað er utan heimahafnar á stöðum sem búa við hráefnisskort í fiskvinnslu, með veitingu lána til fiskkaupenda.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins skal vera 5 millj. kr. Leggur Byggðasjóður fram 2.5 millj. kr. og Aflatryggingasjóður (almenn deild) 2.5 millj. kr.

5. gr.

Nú vill útgerðaraðili landa afla hjá fiskvinnslustöð utan heimahafnar sem telur sig búa við hráefnisskort, og getur þá fiskkaupandinn sótt um lán úr Greiðslu-tryggingarsjóði til staðgreiðslu aflans. Framkvæmdastjórn sjóðsins skal þá taka afstöðu til lánsúmsóknarinnar á grundvelli þess, hvort lánveiting sé í samræmi við markmið laga þessara. Veiti sjóðurinn lán skal andvirði þess greitt útgerðaraðila þegar að löndun lokinni.

6. gr.

Um tryggingar fyrir lánnum og lánskjör fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnar.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1982.

G r e i n a r g e r ð .

Margvísleg dæmi eru um að svo mikill afli berist á land á einu landshorni, að hann skemmist á sama tíma og hráefnisskortur ríkir í fiskvinnslu í öðrum landslutum.

Þá eru dæmi þess, að ráðist er í togarakaup til að mæta þörf fyrir tiltölulega litla hráfnisviðbót í fiskvinnslu í tilteknum plássum.

Þegar fiskiskipastóllinn er of stór er sú leið að bæta skipum í flotann til að tryggja hráfnisaðdrætti í einhver sjávarpláss harla óhagkvæm og beinlínis á kostnað þess flota, sem fyrir er, og reyndar þjóðarinnar allrar.

Ýmsir útgerðaraðilar hafa látið þá skoðun í ljós, að þeir mundu reiðubúnir til að láta skip sín landa utan heimahafnar ef staðgreiðsla aflans væri tryggð. Þetta frumvarp er flutt í þeim tilgangi að koma í kring slíkri staðgreiðslu þegar það mætti duga til að jafna hráfnisaðdrætti. Jafnframt er ekki úr vegi að ætla að ýmsum útgerðaraðilum þætti í vissum tilvikum a. m. k. fullt eins hagkvæmt að nýta staðgreiðslu af þessu tagi innanlands eins og að sigla með afla, en staðgreiðsla afla í sölum erlendis hefur einmitt stuðlað að siglingum með fiskafla.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Við 1. gr.

Ætlast er til þess, að sjóðurinn sé í vörslu Aflatryggingasjóðs og fjárreiður og bókhald verði á hans vegum.

Við 2. gr.

Gert er ráð fyrir að stjórn Aflatryggingasjóðs kjósi þriggja manna framkvæmdastjórn fyrir sjóðinn. Ekki þykir ástæða til að hafa nema þriggja manna framkvæmdastjórn. Á hinn bóginn verður að telja eðlilegt að sjónarmið fiskvinnslu, útgerðar og sjómanna komi fram í sjóðsstjórninni. Er stjórn Aflatryggingasjóðs ætlað að sjá til þess við val í framkvæmdastjórnina.

Við 3. gr.

Greinin kveður á um markmið sjóðsins.

Við 4. gr.

Greinin tiltekur að stofnfé skuli vera 5 milljónir kr. (500 milljónir gkr.). Eðlilegt þykir að stofnfé komi annars vegar úr Byggðasjóði og hins vegar úr Aflatryggingasjóði. Tilgangurinn með sjóðsstofnuninni er m. a. sá að jafna afla milli byggðarlagar og draga þannig úr ásókn í viðbætur við flotann. Þannig mundi afkoma verða tryggari og dregið úr hættu á aflabresti. Samrýmist tilgangur laganna grundvallarforsendum Aflatryggingasjóðs. Á hinn bóginn er hugmyndin að sjóðurinn stuðli að jafnvægi í afladreifingu án stórkostlegs tilkostnaðar og treysti þannig byggðajafnvægi í landinu. Samrýmist það markmiðum Byggðasjóðs.

Við 5. gr.

Samkvæmt greininni tekur fiskkaupandi lán úr sjóðnum til staðgreiðslu afla. Andvirði lánsins er greitt útgerðaraðila þegar að löndun lokinni. Stjórn sjóðsins metur umsóknir um lán á grundvelli markmiðs laganna. Henni er þannig ætlað að meta einstök tilvik og sjá til þess að girða fyrir hugsanlega misnotkun.

Við 6. gr.

Sjóðsstjórn setur sér reglur um lánskjör og tryggingar og semur við einstaka aðila um greiðsluhætti.

Við 7. gr.

Lögin taka gildi hinn 1. jan. n. k. skv. þessu frv., en vitanlega kemur til greina að þau taki gildi fyrr, enda sé þá fjármagn til sjóðsins tryggt.